

EFTIRLITSSKÝRSLA

Íslenska Kalkþörungafélagið Bíldudalur



Dags eftirlits	1.6.2023	Ábyrgðarmaður eftirlits	Freyr Ævarsson
Fyrirtæki	Íslenska Kalkþörungafélagið	Eftirlitsmaður	Sigríður Kristinsdóttir
Heimili	Hafnargata 4, Bíldudal	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	680601-2670	Flokkur	Verksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Tryggvi Baldur Bjarnason	ÍSAT nr.	08990
Fulltrúi fyrirtækis	Erla Rún Jónsdóttir	Staðsetning	288910,327 584086,181

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Sex frávik komu fram í eftirlitinu: 1) Umhverfisupplýsingum (Grænu bókhaldi) var ekki skilað á tilskildum tíma. 2) Ársyfirliti var ekki skilað á tilskildum tíma. 3) Í mælingum sem voru gerðar 8. og 9. maí 2023 mældist of mikið ryk í útblásturslofti frá eldri þurrkara verksmiðjunnar. 4) Styrkukning svifagna í mælingum sem fóru fram þann 27.9.2022 var of mikil á einum mælipunkti. 5) Mælingar á hávaða við leikskóla voru í mörgum tilfellum yfir heimiluðum mörkum skv. starfsleyfi. 6) Mælingar á hávaða voru ekki gerðar á þeim stöðum sem tilgreindir eru í starfsleyfi. Fjórar ábendingar voru gerðar í eftirlitinu. 1) Rekstraraðili er hvattur til að upplýsa eftirlitsaðila þegar óvenjulegar aðstæður eru (s.s. uppkeyrsla) sem valda t.d. sýnilegum útblæstri. 2) Rekstraraðila er bent á að halda áfram undirbúningi vegna uppsetningar vindbrjóta. 3) Setja þarf upp varanlega girðingu umhverfis lóð verksmiðjunnar. 4) Rekstraraðili er hvattur til að halda áfram tiltekt á lóðinni. Tvö frávik voru opin þegar eftirlitið fór fram. 1) Styrkukning svifefna í sjó fyrir utan setlón var umfram heimild þegar mælt var í júní 2022. 2) Magn ryks í útblæstri eldri þurrkara var yfir starfsleyfismörkum í mælingu haustið 2022.

UMFANG EFTIRLITS

Í samræmi við ákvæði 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit var farið í vettvangsheimsókn í kalkþörungaverksmiðju Íslenska kalkþörungafélagsins á Bíldudal. Viðstödd heimsóknina voru Tryggvi Baldur Bjarnason og Erla Rún Jónsdóttir f.h. Íslenska kalkþörungafélagsins og Freyr Ævarsson, Sigríður Kristinsdóttir og Gunnhildur Sif Oddsdóttir f.h. Umhverfisstofnunar.

Íslenska kalkþörungafélagið er með starfsleyfi sem var gefið út af Umhverfisstofnun 29. janúar 2021 og gildir til 29. janúar 2037. Starfsleyfið heimilar framleiðslu á allt að 120.000 tonnum árlega af kalki og öðrum kalkafurðum.

Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Skil á gögnum, niðurstöðum mælinga o.fl. skv. starfsleyfi
- Rykmælingar á Bíldudal
- Uppsetning vindbrjóta skv. starfsleyfi
- Hávaðamælingar
- Umræða um mögulegar breytingar á mælingum og starfsleyfi
- Umræða um samráðsfundi skv. starfsleyfi
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Kynning á gagnagrunni um mengaðan jarðveg
- Kynning á nýrri gjaldskrá UST
- Kynning á breyttu fyrirkomulagi á boðun eftirlits
- Önnur mál
- Skoðunarferð

1. Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti

Kvörtun barst Umhverfisstofnun vegna ryks í útblæstri verksmiðjunnar þann 24.4. sl. Skýring rekstraraðila er að uppkeyrsla hafi verið í gangi að morgni 24. apríl sl. og þá hafi (eins og alltaf þegar uppkeyrsla er í gangi) ryk verið sýnilegt í útblæstrinum. Rekstraraðili vill meina að ryk sé ekki meira þá en á öðrum tímum. Umhverfisstofnun tekur þessa skýringu gilda og aðhefst ekki frekar vegna kvörtunarinnar en bendir þó á (eins og kemur fram síðar í skýrslunni) að rykmælingar á vegum rekstraraðila og Vesturbyggðar eru fyrirhugaðar á Bíldudal næstu mánuði. Rekstraraðili er hvattur til að upplýsa eftirlitsaðila þegar óvenjulegar aðstæður eru (s.s. uppkeyrsla), sem valda t.d. sýnilegum útblæstri.

2. Skil á gögnum, niðurstöðum mælinga o.fl. skv. starfsleyfi

Tilkynning barst þann 20.2. sl. frá rekstraraðila um það magn sem varpað var í hafið árið 2022 og hversu mikið er eftir af heimild hans.

Útstreymisbókhaldi var skilað þann 8.3. sl.

Umhverfisupplýsingum (Grænu bókhaldi) var skilað þann 25.5. sl. sem er eftir að frestur til þess skv. starfsleyfi rann út.

Ársyfirliti hefur ekki verið skilað.

3. Rykmælingar á Bíldudal

Mælingar voru gerðar haustið 2022 á útblæstri verksmiðjunnar (þ.e. fyrir seinna eftirlit ársins 2022). Magn ryks í útblæstri nýrri þurrkarans stóðst þær kröfur sem gerðar eru í starfsleyfi rekstraraðila. Hins vegar mældist of mikið ryk í útblæstri eldri þurrkarans. Starfsleyfishafi sendi Umhverfisstofnun úrbótaáætlun dags. 6.1. sl. þar sem kemur fram að vegna þessa fráviks hafi verksmiðjan ekki verið starfandi í lengri tíma en venjan er í kringum jól og áramót. Eftir þær viðgerðir sem fóru fram þá, var talið að útblástursloft myndi uppfylla kröfur starfsleyfisins. Í eftirlitinu nú afhenti rekstraraðili niðurstöður mælinga sem voru gerðar 8. og 9. maí sl. Niðurstöður þeirra mælinga eru svipaðar og eldri mælingar, þ.e. að útblástursloft frá nýrri þurrkarinum stenst kröfur starfsleyfisins en enn mælist of mikið ryk í útblásturslofti eldri þurrkarans.

Fyrirhugað er að mæla svifryk á þremur stöðum á Bíldudal nú í sumar og fram á haust. Niðurstöður þeirra mælinga verða notaðar til að ákveða framhald mælinga á ryki í þéttbýlinu.

4. Uppsetning vindbrjóta skv. starfsleyfi

Samhliða mælingum á svifryki verður vindhraði mældur og niðurstöður þeirra mælinga verða í framhaldinu notaðar við hönnun vindbrjóta, eða til að rökstyðja breytingar á kröfum starfsleyfisins. Ekkert bendir til þess að kröfur um vindbrjóta breytist og því er starfsleyfishafa bent á að halda áfram undirbúningi við uppsetningu vindbrjóta sem skv. starfsleyfi, eiga að vera komnir upp í lok janúar nk.

5. Hávaðamælingar

Niðurstöður hávaðamælinga sem á skv. starfsleyfi að taka saman tvisvar á ári, bárust eftirlitsaðila að eftirliti loknu. Samkvæmt starfsleyfi skal mæla hávaða annars vegar við lóðamörk við norðurhorn verksmiðjuhúsnæðis og hins vegar við suð-vestur húsvegg Tjarnarbrautar 10. Hávaði var hins vegar annars vegar mældur við "gamla skóla" (Strandgötu 5) og hins vegar leikskólann (Tjarnarbraut 11), en ekki er tilgreint nánar um staðsetningu. Verksmiðjuhúsnæðið, Strandgata 5 og Tjarnarbraut 10 eru skv. Aðalskipulagi Vesturbýggðar 2018-2035 á hafnarsvæði en Tjarnarbraut 11 er skv. sama skipulagi í íbúðarbyggð. Hávaðamælingar við leikskólann voru í mörgum tilfellum yfir þeim mörkum sem tilgreind eru í starfsleyfinu fyrir íbúðarbyggð.

6. Umræða um mögulegar breytingar á mælingum og starfsleyfi

Tilkynnt var í eftirlitinu að áform Umhverfisstofnunar um breytingar á mælingum, sem kynnt voru rekstraraðila með bréfi dags. 8.5. sl., hefðu verið dregin til baka. Bréf með þeirri ákvörðun dags. 1. júní sl. var send rekstraraðila. Mælingar ársins 2023 skulu því fara fram skv. starfsleyfi.

7. Umræða um samráðsfundi skv. starfsleyfi

Minnt var á að rekstraraðili skal skv. starfsleyfi, boða fulltrúa Umhverfisstofnunar og Heilbrigðisnefndar Vestfjarða á samráðsfund á fjögurra ára fresti. Þó að ekki sé komið að því að þurfi að halda slíkan fund, var rætt um að fundur verði boðaður í haust til að fara yfir þau atriði sem talin eru upp í starfsleyfinu.

8. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða

Smávægilegar breytingar urðu á áhættumatinu frá síðasta eftirliti, en þær breyta ekki niðurstöðu matsins.

9. Kynning á gagnagrunni um mengaðan jarðveg

Kynntur var gagnagrunnur sem Umhverfisstofnun safnar upplýsingum í, um svæði þar sem er mengaður jarðvegur eða grunur er um mengun. Ekki er talin vera mengun í jarðvegi á starfsvæði rekstraraðila.

10. Kynning á nýrri gjaldskrá UST

Ný gjaldskrá Umhverfisstofnunar tók gildi 1. mars sl. og fylgdu upplýsingar um hana þegar eftirlitið var boðað.

11. Kynning á breyttu fyrirkomulagi á boðun eftirlits

Umhverfisstofnun hefur breytt verklagi sínu varðandi boðun eftirlita og mun héðan í frá boða reglubundnar vettvangsheimsóknir með skemmri fyrirvara en venja hefur verið. Tímasetning vettvangsheimsókna getur einnig verið utan hefðbundins skrifstofutíma, á kvöldin og um helgar. Farið var yfir tengiliðaupplýsingar rekstraraðila.

12. Önnur mál

Þegar eftirlitið fór fram var opið frávik vegna styrk aukningar svifagna fyrir utan setlón við uppdælingu í júní 2022. Í úrbótaáætlun dags. 6.1.sl. er ekkert fjallað um hvernig starfsleyfishafi hyggst bregðast við til að lágmarka hættuna á að frávikði endurtaki sig. Þann 16.6. sl. bárust niðurstöður svifagnamælinga sem gerðar voru 27. september 2022. Styrk aukning svifagna var umfram heimild starfsleyfis á einum mælipunktinum. Á hinum mælipunktinum var styrkur svifagna lægri eftir dælingu en fyrir hana.

13. Skoðunarferð

Gengið var um húsnæði og lóð starfsleyfishafa. Bráðabirgðagirðing hefur verið sett upp umhverfis lóð verksmiðjunnar. Bent er á að setja þarf upp varanlega girðingu þegar skipulagsmál verða komin á hreint.

Lóð og húsnæði voru nokkuð snyrtileg og ekki mikið ryk sjáanlegt en starfsleyfishafa er bent á að halda áfram tiltekt á lóðinni.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
gr. 4.5 í starfsleyfi	Umhverfisupplýsingum var ekki skilað á tilskildum tíma.
gr. 4.4 í starfsleyfi	Ársyfirliti fyrir árið 2022 hefur ekki verið skilað.
gr. 3.6 í starfsleyfi	Ryk í útblæstri eldri þurrkara verksmiðjunnar var yfir mörkum í mælingu sem var gerð 8. og 9. maí 2023.
gr. 3.10 í starfsleyfi	Styrkukning svifagna á mælipunkti nr. 3 var 52 mg/l þann 27.9.2022.
gr. 3.13 í starfsleyfi	Hávaði í íbúabyggð mældist oft yfir leyfilegum mörkum árið 2022.
gr. 4.2 í starfsleyfi	Hávaði var ekki mældur á þeim stöðum sem tilgreindir eru í starfsleyfi.

ÁBENDINGAR


Fjórar ábendingar voru gerðar í eftirlitinu:

- 1) Rekstraraðila er bent á að halda eftirlitsaðila upplýstum þegar óvenjulegar aðstæður skapast (t.d. við uppkeyrslu verksmiðjunnar) sem m.a. valda sýnilegum útblæstri.
- 2) Halda þarf áfram undirbúningi vegna uppsetningar vindbrjóta.
- 3) Setja þarf upp varanlega girðingu umhverfis lóð verksmiðjunnar til að hindra aðgang óviðkomandi.
- 4) Rekstraraðili er hvattur til að halda áfram tiltekt á lóðinni.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 11.07.2023



Freyr Ávarsson

